

Ársskýrsla 2023-2024



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



1. Stjórnun og rekstur	3
2. Starfsemi	6
3. Fræðslu- og barnastarf	9
4. Markaðs- og kynningarmál	11
5. Mannauðsmál	12
Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið	12
Starfsfólk við stjórnun og þjónustu	13
Tímabundið og lausráðið starfsfólk	13
6. Listamenn sem komu fram á starfsárinu	15
7. Tónleikar starfsárið	17
8. Hljóðritanir og hljómdiskar	31
9. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum	32

1. STJÓRNUN OG REKSTUR

Starfsárið 2023-24 var 74. starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Að rekstri hljómsveitarinnar standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg. 82% rekstrarframlags er greitt af ríki en 18% af borg og eru sértekjur hljómsveitarinnar fyrst og fremst tekjur af miðasölu, útseldri þjónustu og styrkjum. Töluverð sértekjuaukning varð milli starfsáranna 2022-23 og 2023-24 eða um 20%.

Hljómsveitin lék á 90 tónleikum sem 76.565 gestir sóttu. Alls voru flutt 264 minni og stærri tónverk á fjölbreyttum viðburðum á starfsárinu.

Stjórn

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands er skipuð til fjögurra ára í senn. Núverandi stjórn var skipuð 1. ágúst 2023. Á starfsárinu voru haldnir 15 stjórnarfundir, þar á meðal tvær vinnustofur um stefnu hljómsveitarinnar.

Sigurður Hannesson formaður stjórnar, skipaður án tilnefningar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir varaformaður, skipuð án tilnefningar
Ragnar Jónasson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu
Margrét Pálmadóttir, tilnefnd af Reykjavíkurborg
Emil Friðfinnsson, fulltrúi SMFSÍ

Varamenn:

Axel B. Stefánsson, skipaður án tilnefningar
Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, skipuð án tilnefningar
Björn Blöndal, tilnefndur af Reykjavíkurborg
Einar Jónsson, tilnefndur af SMFSÍ
Guðrún Inga Torfadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstur

Rekstur hljómsveitarinnar var krefjandi að loknum heimsfaraldri. Hagræða þurfti í rekstri og lögð var áhersla á að auka tekjur af miðasölu. Aukið varanlegt fjárframlag frá árinu 2024 sem og auknar sértekjur hafa skapað meiri stöðugleika og var því farið af stað með ráðningarferli í lausar stöður sem slegið hafði verið á frest. Kjaradeilu hljóðfæraleikara og ríkisins lauk um haustið en samningar höfðu verið lausir frá 1. apríl 2023. Litlu mátti muna að til verkfalls kæmi en vegna viðbótarframlags fagráðuneytis til stofnanasamnings SÍ og SMFSÍ, var nýr stofnanasamningur og kjarasamningur undirritaður.

Eitt að markmiðum hljómsveitarinnar er sem fyrr að styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi bæði á tónleikaferðum og með hljóðritunum. Á starfsárinu voru verk Báru Gísladóttur hljóðrituð í samstarfi við Dacapo og hafinn var undirbúningur tónleikaferðar sem fyrirhuguð er í mars 2026 til Evrópu í samstarfi við Intermusica.

Hljómsveitin hélt áfram mikilvægu samstarfi við RÚV, bæði hvað varðar sjónvarpsútsendingar og vikulegar útsendingar á Rás 1, sem eru afar mikilvægur liður í því að ná til allra landsmanna. Tónleikar voru haldnir í Borgarnesi og Stykkishólmi í samstarfi við kóra af Snæfellsnesi.

Í maí 2024 var tilkynnt að samið hefði verið við kanadíska hljómsveitarstjórnann og söngkonuna Barböru Hannigan um að taka við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands og tekur hún formlega við stöðunni í ágúst 2026 og mun gegna henni í þrjú starfsár. Hannigan mun stjórna hljómsveitinni á sex áskriftartónleikum á hverju starfsári, ásamt því að hljóðrita og stjórna sveitinni á tónleikaferðum. Sem listrænn stjórnandi mun Hannigan bera ábyrgð á verkefnavali hljómsveitarinnar.

Hljómsveitin vann að nýrri stefnumörkun á starfsárinu og voru markmið og áherslur endurskilgreindar. Stjórn SÍ samþykkti stefnuna sem gildir til ársins 2027. Að stefnumótun unnu fjölmargir aðilar - stór fundur var haldinn með öllu starfsfólki og ýmsum hag- og samstarfsaðilum og unnið var úr niðurstöðum fundarins á minni rýnifundum með stjórn, starfsfólki og samstarfsaðilum. Vinna við stefnumótunina var leidd af framkvæmdastjóra og markaðs- og kynningarstjóra í samstarfi við ráðgjafa frá Nordic.

Í nóvember 2023 kom út grænn leiðarvísir fyrir norrænar símfóníuhljómsveitir sem var unninn í samvinnu Símfóníuhljómsveitar Íslands, DEOO - samtaka símfóníuhljómsveita í Danmörku, BARC Scandinavia og Bæredygtigt Kulturliv NU. Græni leiðarvísirinn er hugsaður sem verkfæri fyrir símfóníuhljómsveitir og aðrar menningarstofnanir á vegferð þeirra til aukinnar sjálfbærni og umhverfismeðvitundar.

Aðalhljómsveitarstóri og listrænn stjórnandi

Í upphafi árs 2023 var samstarfssamningur SÍ við við Evu Ollikainen endurnýjaður til loka starfsársins 2025-26. Á starfsárinu stýrði Eva hljómsveitinni í nokkrum af helstu stórvirkjum tónbókmenntanna m.a. eftir Beethoven, Brahms, Schubert, Mahler og Bruckner. Auk þess stjórnaði hún flutningi á fjölda nýrra íslenskra verka, m.a. frumflutningi á verkum Önnu Þorvaldsdóttur, Daníels Bjarnasonar og Haflíða Hallgrímssonar og hljóðritun á verkum Báru Gísladóttur fyrir útgáfu. Þá hélt Eva utan um Hljómsveitarstjóraakademíu SÍ og fór með hljómsveitinni í innanlandsferð. Listræn stjórn var í höndum Evu Ollikainen og vann hún náið með verkefnavalsnefnd SÍ.

Staðartónskáld/Listamaður í samstarfi

Anna Þorvaldsdóttir var staðartónskáld hljómsveitarinnar til loka ársins 2023 en hún tók við stöðunni í byrjun árs 2018. Anna gegndi margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar en auk þess að semja ný verk til flutnings fyrir SÍ átti hún sæti í verkefnavalsnefnd. Anna hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár. Á starfsárinu voru haldnir tónleikar í Hallgrímskirkju tileinkaðir verkum Önnu og rýmisverk hennar METAXIS var frumflutt í framhúsi Hörpu. Anna er nú listamaður í samstarfi hjá hljómsveitinni.

Listamaður í samstarfi

Daníel Bjarnason hefur átt langt og farsælt samstarf við hljómsveitina, jafnt sem tónskáld og hljómsveitarstjóri. Á starfsárinu var Daníel listamaður í samstarfi og stýrði hljómsveitinni á tvennum tónleikum þar á meðal útgáfutónleikum með verkum Jóhanns Jóhannssonar. Nýtt verk eftir Daníel var svo frumflutt á upphafstónleikum starfsársins.

Staðarlistamaður

Staðarlistamaður starfsársins var fiðluleikarinn Leila Josefowicz. Leila kom fram á tvennum hljómsveitartónleikum og lék annars vegar fiðlukonsert eftir Bartók og hinsvegar fiðlukonsert eftir Helen Grime. Leila kom að lokum fram á einleikstónleikum í Norðurljósum þar sem að hún lék verk eftir Matthias Pintscher og Bach.

Staðarhljómsveitarstjóri

Ross Jamie Collins var ráðinn í stöðu staðarhljómsveitarstjóra starfsárið 2023-24. Ross hefur þegar vakið athygli í tónlistarheiminum fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika. Hann er útskrifaður úr framhaldsnámi við Colburn-konservatoríið í Los Angeles.

Heiðursstjórnendur

Osmo Vänskä tók við stöðu heiðursstjórnanda árið 2014 og hefur stjórnað hljómsveitinni reglulega síðan. Osmo var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar á árunum 1993-1996 og mun stjórna hljómsveitinni á næsta starfsári, m.a. frumflutningi á fiðlukonserti eftir Þórð Magnússon.

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi SÍ og spannar samstarf hans við hljómsveitina meira en hálfa öld. Ashkenazy hefur stjórnað sveitinni í öllum helstu meistaraverkum tónbókmenntanna. Í janúar 2020 tilkynnti Ashkenazy að hann hefði ákveðið að draga sig í hlé frá öllu tónleikahaldi.

2. STARFSEMI 2023-24

Stórir viðburðir á starfsárinu 2023-24 báru þess skýr merki að starfsemi SÍ væri komin á réttan kjöl eftir heimsfaraldursárin en á meðan á þeim stóð höfðu samkomutakmarkanir á viðburðahaldi mikil áhrif á starfsemina í rúm tvö ár.

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék á alls 90 tónleikum á starfsárin. Auk hefðbundinna áskriftartónleika í gulri, rauðri og grænni röð voru haldnir tónleikar í Föstudagsröð og Litla tónsprotanum. Einnig var boðið upp á fjölda fjölbreyttra tónleika utan raða, ásamt því að haldnir voru skólatónleikar og staðið fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og samfélagsverkefnum.

Áskriftaraðir

Starfsárið 2023-24 var fjórða starfsár Evu Ollikainen sem aðalhljómsveitarstjóri og kom hún reglulega fram með hljómsveitinni. Af öðrum stjórnendum sem unnu með hljómsveitinni má nefna fyrrum aðalhljómsveitarstjóra SÍ Yan Pascal Tortelier, Tomáš Hanus, Stéphane Denève, Emiliu Hoving og Andrew Manze. Daníel Bjarnason var listamaður í samstarfi og stjórnaði tvennum tónleikum. Meðal einleikara má nefna flautuleikarann Emmanuel Pahud sem flutti konsertþrennu, sellóleikarann Kian Soltani og fiðluleikarann Johan Dalene auk píanóleikaranna Kirill Gerstein, Benjamin Grosvenor, Denis Kozhukhin og Mariönnu Shirinyan.

Staðarlistamaður starfsársins var fiðluleikarinn Leila Josefowicz sem kom fram í tvígang með hljómsveitinni auk þess að leika á einleikstónleikum í Norðurljósum.

Tónleikar utan áskriftar

Mikið var um stærri viðburði á starfsárinu sem hófst með Opnu húsi á Menningarnótt þar sem Vigdís Hafliðadóttir kynnti fjölbreytta efnisskrá. Slegið var til kvikmyndatónleikaveislu á Klassíkinni okkar undir stjórn Söruh Hicks. SÍ fagnaði útgáfu nýrrar hljómplötu A Prayer to the Dynamo með verkum Jóhanns Jóhannssonar sem út kom undir merkjum þýska útgáfurisans Deutsche Grammophon, Útgáfutónleikar voru í beinni útsendingu á streymisveitu Deutsche Grammophon, Stage+ og einnig sýndir á RÚV. Starfsárið var lokaár Önnu Þorvaldsdóttur sem staðartónskálds SÍ og af því tilefni voru tónleikar haldnir í Hallgrímskirkju sem helgaðir voru verkum Önnu undir stjórn Evu Ollikainen.

Efnt var til samstarfs við hlaðvarpið Fílag þar sem þáttastjórnendurnir Bergur Ebby og Snorri Helgason komu fram með SÍ. Haldnir voru tvennir aðventutónleikar með King's Singers undir stjórn Adam Hickox og í upphafi nýs árs voru hinir árlegu Vínartónleikar SÍ þar sem Álfheiður Erla Guðmundsdóttir og Oddur Arnþór Jónsson komu fram undir stjórn Mirian Khukhunaishvili.

Tónleikar SÍ á Myrkum músíkdögum voru stærri í sniðum en vanalega þar sem frumsýnd var kvikmynd Gjörningaklúbbsins Flökkusinfónían við lifandi leik Sinfóníuhljómsveitar Íslands en verkið var unnið í samvinnu við hljómsveitina. Þá voru einnig flutt ný íslensk samtímaverk. Barbara Hannigan söng og stjórnaði konsertuppfærslu af óperueinleikum Mannsröddinni eftir Francis Poulenc þar sem myndbandsupptöku af hreyfingum hennar og svipbrigðum var varpað upp á tjald svo úr varð mikið sjónarspil. Þriðja kvikmyndin sem segir af ævintýrum Harry Potter eða Harry Potter og fanginn frá Azkaban var sýnd við undirleik SÍ á þrennum bíótónleikum. Undir lok starfsársins kom SÍ fram á tvennum viðburðum á Listahátíð í Reykjavík; METAXIS, samnefnt tónverk Önnu Þorvaldsdóttur var frumflutt í framhúsi Hörpu auk þess sem Eva Ollikainen stjórnaði Mahler, sínfóníu nr. 3 í Eldborg.

SÍ átti einnig innkomu á tónlistarhátíðina Iceland Airwaves með tónleikum með Ásgeiri Trausta sem unnir voru í samstarfi við hátíðina. Tónleikar með Sigríði Thorlacius og Sigurði Guðmundssyni, Einu sinni á ágústkvöldi, fóru fram í byrjun starfsárs. Einnig voru haldnir tónleikar með Unu Torfadóttur og starfsárinu lauk á tvennum tónleikum með gleðisveitinni Baggalúti.

SÍ tók þátt í uppsetningu The Kyiv Grand Ballet á Hnotubrótnum eftir Tsjajkovskíj undir stjórn Alexander Gosachinsky en verkefnið var á vegum Hörpu. Þetta var í áttunda skiptið sem efnt var til slíks samstarfs og voru sýningarnar þrjár að þessu sinni. SÍ tók einnig þátt í upptökum fyrir Hljómskálann á RÚV þar sem tekið var upp nýtt lag eftir Bríeti sem hún samdi af þessu tilefni.



Tónleikaferð innanlands

Í mars 2024 fór hljómsveitin í tónleikaferð til Borgarness og í Stykkishólmi. Haldnir voru þrennir tónleikar; skólatónleikar í Borgarnesi og Stykkishólmi auk kvöldtónleika í Stykkishólmi. Á kvöldtónleikunum kom fram um 100 manna samkór sem settur var saman sérstaklega fyrir þetta tilefni og samanstóð af kórum á svæðinu. Tónleikarnir fengu frábærar viðtökur og voru allir vel sóttir.

Hljóðprufur

Hljóðprufur fóru fram í Eldborg undir lok starfsársins. Verkefnið var unnið í samstarfi við Hörpu og Arctic, hönnuði salarins. Tilgangur hljóðprufanna var að endurskoða og bæta ómstillingu Eldborgar fyrir SÍ.

Samstarf við RÚV

Rás 1 sendi beint frá öllum áskriftartónleikum hljómsveitarinnar auk þess að hljóðrita nær alla aðra tónleika starfsársins og senda út síðar. Framhald var á sjónvarpsþáttaröð á RÚV sem kallast Sinfóníukvöld í sjónvarpinu þar sem hluti tónleika vikunnar á undan er sýndur í klukkutímalangri dagskrá á RÚV. Kynningar og viðtöl við listamenn eru í höndum Höllu Oddnýjar Magnúsdóttur.

Hljóðritanir

Samstarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands og útgáfufyrirtækisins Da Capo hélt áfram með hljóðritun í desember 2023 á verkum Báru Gísladóttur undir stjórn Evu Ollikainen fyrir útgáfu plötunnar Báru Gísladóttir: *Orchestral works*.

Hljómplatan *A Prayer to the Dynamo* sem geymir verk Jóhanns Jóhannssonar kom út hjá Deutsche Grammophon hausið 2023 en útgáfunni var fagnað með tónleikum í Eldborg í september. Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri og Sinfóníuhljómsveit Íslands hlutu þrjár tilnefningar til hinna virtu þýsku OPUS KLASSIK verðlauna fyrir útgáfuna.

Hljómplatan *ARCHORA/AIÖN* með verkum Önnu Þorvaldsdóttur undir stjórn Evu Ollikainen sem kom út hjá Sono Luminus í maí 2023 var valinn á lista The New York Times, The Boston Globe og NPR yfir bestu klassísku plötur ársins 2023.

Icelandic Works for the Stage var tilnefnd sem plata ársins á Íslensku tónlistarverðlaunum 2024 í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Platan geymir leikhús- og ballettónlist eftir Pál Ísólffson og Jórunni Viðar. Útgáfan var hljóðrituð í samstarfi við Chandos-plötuforlagið undir stjórn Rumon Gamba.



3. FRÆÐSLUSTARF

Fræðslustarf hljómsveitarinnar var með nokkuð hefðbundnu móti þar sem fjölskyldutónleikar Litla tónsprotans, Barnastundir og fjöldi skólatónleika voru á sínum stað. Í heildina voru haldnir 34 barna- og skólatónleikar á starfsárinu fyrir alls 21.184 gesti. Fræðslustarfið er í stöðugri þróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika, inngildingu og samstarf.

Hverfaheimsóknir og skólatónleikar á landsbyggðinni settu mark sitt á starfsárið þar sem leikið var fyrir mikinn fjölda barna sem ekki hafa tækifæri til að sækja tónleika sveitarinnar að öllu jöfnu. Skólaheimsóknir í Breiðholt ásamt tónleikahaldi í Klettaskóla voru þeirra á meðal.

Samvinna við Listasafn Íslands og Langspilssveit Flóaskóla þar sem myndefni Ásgríms Jónssonar og íslenskar þjóðsögur fóru saman vakti mikla ánægju meðal nemenda og kennara allt frá miðstigi upp á framhaldsskólastig. Jólalest hljómsveitarinnar þar sem leikið var á Hrafnistu og Landspítalanum er orðinn árviss viðburður ásamt Einstökum jólastundum sveitarinnar.

Ungsveit SÍ var með kraftmikið starfsár og skiluðu voræfingar sveitarinnar miklu inn í stutt haustnámskeiðið sem lauk með tónleikum í Eldborg í lok september. Hljómsveitarstjóraakademían nýtur mikilla vinsælda og hefur samstarf við LHÍ og MÍT verið með miklum ágætum. Nemendur sækja hljómsveitina reglulega heim og masterklassar ásamt fyrirlestrum hafa verið í boði hljómsveitarinnar. Ungir einleikarar stigu á stókk þar sem hæfileikar komandi kynslóðar leyndu sér ekki og fjölskyldutónleikarnir Dimmalimm og Svanavatnið voru tilnefndir sem sýning ársins á Sögum, verðlaunahátíð barnanna.

Eldri borgarar sækja sveitina heim á opinni Vínaræfingu í janúarmánuði og farið var í heimsóknir á hjúkrunarheimili og Landspítalan.

Tónleikakynningar í samvinnu við Vínafélag hljómsveitarinnar njóta mikilla vinsælda og eru góður upptaktur að tónleikakvöldi. Á starfsárinu voru haldnar 19 kynningar.

2023-24

Skólatónleikar og skólaheimsóknir

Fjöldi tónleika 25

Fjöldi nemenda 12.798

Fjölskyldutónleikar og Barnastundir

Fjöldi tónleika 9

Fjöldi gesta 8.386

Samtals

Fjöldi tónleika 34

Fjöldi gesta 21.184



4. MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Heildarfjöldi seldra miða á tónleika sem Sinfóníuhljómsveitar Íslands stóð fyrir í Hörpu starfaárið 2023-24 var 60.023 til samanburðar við 52.453 starfsárið á undan eða um 13% aukning á milli starfsára. Fjöldi áskriftarmiða hélst nokkuð óbreyttur milli ára en vöxtur í lausamiðasölu var um 18%.

Heildarfjöldi tónleikagesta starfsárið 2023-24 var 76.565 en var 80.588 starfsárið á undan - eru þá taldir allir gestir á öllum tónleikum og viðburðum sem sveitin lék á í Hörpu og víðar um landið. Fækkun gesta á milli starfsára skýrist af því að árið á undan var farið í stóra tónleikferð um Bretland.

Í júní 2023 var gefinn út ársbæklingur með kynningu á dagskrá starfsársins, viðtölum við listamenn og öðru efni sem tengist hljómsveitinni. Kynningarefni hljómsveitarinnar „Sinfónían í blóma“ vann til gullverðlauna á FÍT-keppninni í flokknum Myndlýsingar fyrir auglýsingar og herferðir. Það er Félag íslenskra teiknara stendur fyrir verðlaunahátíðinni á hverju ári þar sem keppt er um það besta í grafískri hönnun og myndlýsingum á Íslandi. Kynningarefnið var unnið í samvinnu við Aton JL.

Hljómsveitin var áfram mjög virk á samfélagsmiðlum þar sem hægt er að fylgjast með daglegu starfi sveitarinnar, á sviði sem og baksviðs.

	22/23	23/24	Aukning
Fréttabréf	9.663	11.325	15%
Facebook	18.846	19.350	3%
Instagram	6.486	7.437	13%
YouTube	59.478	67.173	13%
Spotify	6.199	9.001	31%
Twitter/X	2.826	2.877	0%


Áskrifendur og fylgjendur á samfélagsmiðlum SÍ

Gerð var vörumerkjамæling hjá Gallup á starfsárinu. Þekking á vörumerki Sinfóníuhljómsveitar Íslands eykst á milli mælinga og hækkar meðaltalið á skalanum 0-10 úr 6,6 í 6,8, þó ekki teljist þetta marktæk hækkun. Meðaltalið þekkingar á markaðinum „Menning“ er 5,8 við og meðaltal SÍ er

vel hærra en meðaltal markaðarins. Lítil munur er eftir kyni hvað þekkingu varðar. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu þekkja vörumerkið betur en þeir sem búa á landsbyggðinni. Þá er þekking vörumerkisins mest hjá þeim sem eru með hvað mestu tekjurnar og mestu menntun. Ímynd Sinfóníuhljómsveitar Íslands stendur í stað á milli mælinga eftir lækkun milli áranna 2021 og 2022 og aftur 2022 og 2023. Einungis 4% svarenda eru neikvæðir gagnvart vörumerki SÍ.



Fjöldi tónleikagesta



Þróun í miðasölu

	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16	'16/'17	'17/'18	'18/'19	'19/'20	'20/'21	'21/'22	'22/'23	'23/'24
Heildarsala	56.950	56.873	51.757	51.546	51.669	54.614	56.550	60.001	33.226	9.469	45.653	52.453	60.023
- Utan áskriftar	33.211	35.185	31.085	31.750	32.431	34.588	35.752	39.062	X	9.469	28.827	35.648	43.237
- Innan áskriftar	23.739	21.688	20.672	19.796	19.238	20.026	20.798	20.932	X	0	16.826	16.805	16.780
Hlutfall áskrifta	41,7%	38%	40%	38%	37%	37%	37%	35%				32%	28%

5. MANNAUÐSMÁL

Á starfsárinu 2023-24 voru 101 stöðugildi hjá stofnuninni og fékk hljómsveitin samtals 89 aðra hljóðfæraleikara til liðs við sig, ýmist á tímabundna samninga eða lausráðna. Haldin voru fimm hæfnispróf og þrjú aukamannaprufuspil. Samtals voru fjögur ráðningarferli hljóðfæraleikara í vinnslu á starfsárinu. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólki, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ. Starfsmannahandbók var gefinn út og á vormánuðum lauk stofnunin áhættumati starfa auk þess sem stutt var við heilsu og velferð starfsmanna á ýmsan hátt. Sinfóníuhljómsveit Íslands hlaut jafnlaunavottun í byrjun ágúst 2020 en síðasta viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi fór fram í maí 2024.

Kyngreindar upplýsingar starfsárið 2023-24

Fastráðnir hljóðfæraleikarar

Konur 44	55%
Karlar 37	45%

Skrifstofa og sviðsþjónusta

Konur 10	71%
Karlar 3	29%

Hljóðfæraleikarar á tímabundnum samningum og lausráðnir

Konur 44	49%
Karlar 45	51%

Hljómsveitarstjórar

Konur 5	22% (18 tónleikar/hljóritanir)
Karlar 18	78% (98 tónleikar)

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Konur 16	62% (25 tónleikar)
Karlar 10	38% (21 tónleikar)

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Konur 5	31% (7 tónleikar)
Karlar 11	69% (12 tónleikar)

Íslenskir sögumenn, kynnar o.fl.

Konur 5	45% (16 tónleikar)
Karlar 6	55% (21 tónleikar)

Íslensk verk flutt

Kventónskáld 37	34% (14 tónskáld)
Karltónskáld 73	66% (29 tónskáld)

Erlend verk flutt

Kventónskáld 10	6,5% (10 tónskáld)
Karltónskáld 144	93,5% (87 tónskáld)

Nýjar útsetningar á tónverkum (pantað af SÍ)

Kvenútsetjarar 10	15% (3 útsetjarar)
Karlútsetjarar 58	85% (8 útsetjarar)



Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2023-24

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Laufey Sigurðardóttir 50%
Laura Liu
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Wei Lín Sigurgeirsson
Zbigniew Dubik

2. fiðla

Páll Palomares
Dóra Björgvinsdóttir 50%
Greta Guðnadóttir 50%
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Łucja Koczot
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Steindór Friðfinnsson
Frank Lars Hammarin
Joseph Ognibene

Trompet

Einar Steinþór Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Starfsfólk við stjórnun og þjónustu 2023-24

Framkvæmdastjóri

Lára Sóley Jóhannsdóttir

Listrænn ráðgjafi

Halla Oddný Magnúsdóttir
(hluta starfársins)

Viðburða- og skipulagsstjóri

Valdís Þorkelsdóttir

Fræðslustjóri

Hjördís Ástráðsdóttir

Mannauðsstjóri

Dagrún Hálfánardóttir

Markaðs- og kynningarstjóri

Margrét Ragnarsdóttir

Fjármálastjóri

Svanhvít Hrólfsdóttir

Nótnavörður

Kristbjörg Clausen

Verkefnastjóri dagskrárgerðar

Jökull Torfason

Verkefnastjóri viðburða

Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað

Markaðs- og kynningarfulltrúi

Kristín Björg Björnsdóttir

Verkefnastjóri sviðs- og

tæknimála

Sigþór J. Guðmundsson

Sviðsmaður

Björk Björgólfsdóttir

Umsjónarmaður nótna

Cameron Anderton

Tímabundið ráðnir og lausráðnir hljóðfæraleikarar

Anna Elísabet Sigurðardóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir
Astrid Bjelland
Árni Áskelsson
Baldvin Ingvar Tryggvason
Berglind Stefánsdóttir
Birkir Örn Hafsteinsson
Björg Brjánsdóttir
Britta Cortabarría Adde
Cameron Lawrence Anderton
Carlos Alberto Caro Aguilera
Clara Manaud
Dagbjört Ingólfssdóttir
Daníel Friðrik Böðvarsson
Einar Jónsson
Einar Valur Scheving
Elísabet Waage
Emil Þorri Emilsson
Emilía Rán Benediktsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Erling Róbert Eydal
Eydís Lára Franzdóttir
Eypór Gunnarsson
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Finn Alexander Schofield
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Guðmundur Svövuðson Pétursson
Guðrún Dalía Salómonsóttir
Guðrún Erlendsdóttir

Guðrún Óskarsdóttir
Gunnar Helgason
Gunnar Kristinn Óskarsson
Gunnhildur Einarsdóttir
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hafðís Vigfúsdóttir
Hafrún Birna Björnsdóttir
Hafsteinn Þráinsson
Helga Björg Jóhönnu Arnardóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Helga Bryndís Magnúsdóttir
Helgi Þorleiksson
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Hjörtur Páll Eggertsson
Hlín Erlendsdóttir
Hrafn Marinó Thorarensen
Hrafnhildur M. Guðmundsdóttir
Ingibjörg Guðlaugsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Joanna Bauer
Joris Frans J. De Rijbel
Jóhann Ingvi Stefánsson
Justyna Bidler
Júlía Mogensen
Kjartan Guðnason
Kjartan Valdemarsson
Kristinn Snær Agnarsson
Kristín Ýr Jónsdóttir
Liam Kaplan
Magnús Már Newman

María Emilía Garðarsdóttir
Mathias Susaas Halvorsen
Matiss Leo Meckl
Maximilian Riefellner
Ólafur Hólm Einarsson
Páll Hannesson
Pétur Björnsson
Rakel Björt Helgadóttir
Rannveig Marta Sarc
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Sigurður Hjörtur Flosason
Símon Karl Sigurðarson
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Steinn Völundur Halldórsson
Steinunn Vala Pálsdóttir
Tom Yaron Meyerson
Úlfhildur Þorsteinsdóttir
Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson
Vignir Þór Stefánsson
Viktor Orri Árnason
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Þórunn Eir Pétursdóttir
Össur Ingi Jónsson
Øyvind Lapin Larsen



6. LISTAMENN SEM KOMU FRAM MEÐ SÍ 2023-24

Hljómsveitarstjórar

Adam Hickox (2 tónleikar)
Alexander Gosachinsky (3 tónleikar)
Andrew Manze (1 tónleikar)
Anthony Weeden (2 tónleikar)
Barbara Hannigan (1 tónleikar)
Bernharður Wilkinson (2 tónleikar)
Christian Øland (1 tónleikar)
Dániel Bjarnason (2 tónleikar)
Emilia Hoving (1 tónleikar)
Eva Ollikainen (12 tónleikar + 1 hljóðritun)
Kornilios Michailidis (1 tónleikar)
Ludovic Morlot (1 tónleikar)
Mirian Khukhunaishvili (5 tónleikar)
Nathanaël Iselin (1 tónleikar)
Petri Sakari (1 tónleikar)
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir (1 tónleikar + 1 hljóðritun)
Ross Jamie Collins (36 tónleikar + 1 hljóðritun)
Sarah Hicks (1 tónleikar)
Stephane Denève (1 tónleikar)
Thomas Søndergård (1 tónleikar)
Timothy Henty (3 tónleikar)
Tomáš Hanus (1 tónleikar)
Yan Pascal Tortelier (1 tónleikar)

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Arnheiður Eiríksdóttir, söngur (1 tónleikar)
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir, söngur (4 tónleikar)
Ásgeir Trausti, söngur (2 tónleikar)
Baggalútur, söngur (2 tónleikar)
Bryndís Guðjónsdóttir, söngur (1 tónleikar)
Eypór Ingi Gunnlaugsson, söngur (1 tónleikar)
Gissur Páll Gissurarson, söngur (1 tónleikar)
Gjörningaklúbburinn: Eirún Sigurðardóttir og Jóni Jónsdóttir (1 tónleikar)
Herdís Anna Jónasdóttir, söngur (1 tónleikar)
Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, söngur (3 tónleikar)
Jóna G. Kolbrúnardóttir, söngur (2 tónleikar)
Jónas Ásgeir Ásgeirsson, harmóníka (1 tónleikar)
Katrín Halldóra Sigurðardóttir, söngur (1 tónleikar)
Kolbrún Völkudóttir, söngur á táknmáli (4 tónleikar)
Oddur Arnþór Jónsson, söngur (4 tónleikar)
Páll Óskar Hjálmtýsson, söngur (4 tónleikar)
Ragnhildur Gísladóttir, söngur (1 tónleikar)
Sigríður Thorlacius, söngur (2 tónleikar)
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla (1 tónleikar)
Sigrún Hjálmtýsdóttir, söngur (1 tónleikar)
Sigurður Guðmundsson, söngur (2 tónleikar)
Sigurgeir Agnarsson, selló (1 tónleikar)
Steiney Sigurðardóttir, selló (1 tónleikar)
Una Torfadóttir, söngur (1 tónleikar)
Vera Panitch, fiðla (1 tónleikar)
Vigdís Hafliðadóttir, söngur (2 tónleikar)

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Amalie Stalheim, selló (1 tónleikar)
Emmanuel Pahud, flauta (1 tónleikar)
Kian Soltani, selló (1 tónleikar)
Eldbjörg Hemsing, fiðla (1 tónleikar)
Eric Lu, píanó (1 tónleikar)
Kirill Gerstein, píanó (1 tónleikar)
The King's Singers (2 tónleikar)
Leila Josefowicz, fiðla (3 tónleikar)
Senja Rummukainen, selló (1 tónleikar)
Benjamin Grosvenor píanó (1 tónleikar)
Vadim Gluzman, fiðla (1 tónleikar)
Denis Kozhukhin, píanó (1 tónleikar)
Javier Perianes, píanó (1 tónleikar)
Barbara Hannigan, söngur (1 tónleikar)
Jesper Busk Sørensen, básúna (1 tónleikar)
Johan Dalene, fiðla (1 tónleikar)



Kórar

Gradualekór Langholtskirkju (1 tónleikar)
 Kammerkórinn Aurora (5 tónleikar)
 Karlakórinn Fóstbræður (2 tónleikar)
 Karlakórinn Heiðbjört (1 tónleikar)
 Karlakórinn Kári (1 tónleikar)
 Kirkjukór Grundarfjarðarkirkju (1 tónleikar)
 Kirkjukór Ingjaldshólskirkju (1 tónleikar)
 Kirkjukór Ólafsvíkurkirkju (1 tónleikar)
 Kirkjukór Stykkishólmskirkju (1 tónleikar)
 Kór Hallgrímskirkju (1 tónleikar)
 Kvennasveitin Skaði (1 tónleikar)
 Stúlnakór Reykjavíkur (5 tónleikar)
 Söngsveitin Fílharmónía (3 tónleikar)
 Táknmálakórinn Litlu sprotarnir (4 tónleikar)
 Vox Feminae (1 tónleikar)

Hljóðfærahopar

Langspilssveit Flóaskóla (7 tónleikar)
 Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar (4 tónleikar)
 Jólatrió úr Ungsveit SÍ (4 tónleikar)
 Píanókvertett úr MÍT (4 tónleikar)

Dansarar

Denise Margrét Yaghi (4 tónleikar)
 Díana Rut Kristinsdóttir (1 tónleikar)
 Gylfi Már Hrafnsson (4 tónleikar)
 María Tinna Hauksdóttir (4 tónleikar)
 Nemendur úr Listdansskóla Íslands (9 tónleikar)
 Valgerður Rúnarsdóttir (1 tónleikar)
 Þorkell Jónsson (4 tónleikar)

Kynnar, sögumenn og túlkar

Bergur Ebbe Benediktsson (1 tónleikar)
 Eva Rún Guðmundsdóttir (3 tónleikar)
 Halldóra Geirharðsdóttir, Trúðurinn Barbara (5 tónleikar)
 Hjördís Ástráðsdóttir (2 tónleikar)
 Jóhann Sigurðarson (1 tónleikar)
 Kjartan Darri Krisjánsson (3 tónleikar)
 Ólafur Egilsson (7 tónleikar)
 Snorri Helgason (1 tónleikar)
 Valur Freyr Einarsson (8 tónleikar)
 Vigdís Hafliðadóttir (2 tónleikar)
 Þórunn Arna Krisjánisdóttir (4 tónleikar)

7. TÓNLEIKAR STARFSÁRIÐ 2023-24

Menningarnótt

19. ágúst 2023 kl. 15:00

19. ágúst 2023 kl. 17:00

- Wolfgang Amadeus Mozart: Töfraflautan, forleikur (stytt útgáfa)
- Wolfgang Amadeus Mozart: Söngur fuglafangarans úr Töfraflautunni fyrir hljómsveit
- Johannes Brahms: Ungverskur dans nr. 5
- Johann Sebastian Bach: Brandenburgarkonsert nr. 3, 1. kafli
- Robert Schumann: Träumerei úr Kinderszenen
- Jacob Gade: Tango Jalousie
- Georges Bizet: L'Arlésienne svíta nr. 2, Farandole
- Vigdís Hafliðadóttir: Flott (ný úts. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir)
- Ross Jamie Collins, hljómsveitarstjóri
- Vigdís Hafliðadóttir, kynnir og einsöngvari

Einu sinni á ágústkvöldi – Siggi og Sigga með Sinfó

24. ágúst 2023 kl. 20:00

25. ágúst 2023 kl. 20:00

- Jón Múli Árnason: Múlaforleikur (ný úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Luis Bonfá: Um þig (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Jón Múli Árnason: Einu sinni á ágústkvöldi (ný úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Oddgeir Kristjánsson: Heima (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Marguerite Monnot: Ástarsálmur (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Eddie Barclay: Eina langa sumarnótt (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Archibald Joyce: Dalakofinn (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Otto Lindblad: Þrek og tár (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Michel Legrand: Ég mun bíða þín (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Antonio Carlos Jobim: Vindar að hausti (ný úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Burt Bacharach: Ekki taka það til þín (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Jón Múli Árnason: Undir stórasteini (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Burt Bacharach: Húsið (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Michel Legrand: Ein (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Bragi Valdimar Skúlason: Líttu sérhvert sólarlag (ný úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Bert Kaempfer: Aftur og aftur (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Ingibjörg Þorbergs: Á morgun (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Aukalag:
- Oddgeir Kristjánsson: Ég veit þú kemur (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri
- Sigríður Thorlacius, einsöngvari
- Sigurður Guðmundsson, einsöngvari
- Hrafnkell Orri Egilsson, útsetningar fyrir hljómsveit

Klassíkin okkar - Kvikmyndatónlistarveisla

1. september 2023 kl. 20:00

- Richard Strauss: Also sprach Zarathustra
- Lalo Schifrin: Aðalstef úr Mission Impossible
- John Williams: Hedwig's Theme úr Harry Potter
- John Williams: Aðalstef úr Star Wars
- Sigfús Halldórsson: Vegir liggja til allra átta (ný úts. Þórir Baldursson)
- Pjotr Tsjajkovskíj: Svanavatnið, 2. þáttur, sena10
- Bernard Herrmann: Strengjasvíta úr Psycho
- Wolfgang Amadeus Mozart: Sull'aria Che soave úr Brúðkaupi Fígarós
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 7, 2. Kafli (Allegretto)
- Magnús Eiríksson: Draumaprinsinn (ný úts. Þórir Baldursson)
- Sigmund Romberg: Hraustir menn (úts. Sigurður Rúnar Jónsson)
- Richard Wagner: Valkyrjureiðin
- Hildur Guðnadóttir: Bathroom Dance úr Joker
- Jóhann Jóhannsson: Domestic Pressures og Cambridge úr The Theory of Everything
- John Williams: Flying Theme úr E.T.
- Dmítríj Shostakovítsj: Vals nr. 2 úr Jazzsvítu nr. 2
- Ennio Morricone: Love Theme úr Cinema Paradiso
- Ennio Morricone: Aðalstefið úr The Good, the Bad and the Ugly
- Valgeir Guðjónsson: Slá í gegn (ný úts. Þórður Magnússon)
- Valgeir Guðjónsson: Stella í orlofi (ný úts. Þórður Magnússon)
- Sarah Hicks, hljómsveitarstjóri
- Jóna G. Kolbrúnardóttir, einsöngvari
- Herdís Anna Jónasdóttir, einsöngvari
- Katrín Halldóra Sigurðardóttir, einsöngvari
- Ragnhildur Gísladóttir, einsöngvari
- Gissur Páll Gissurarson, einsöngvari
- Sigrún Eðvaldsdóttir, einleikari
- Sigurgeir Agnarsson, einleikari
- Eyþór Ingi Gunnlaugsson, einsöngvari
- Sigrún Hjálmtýsdóttir, einsöngvari
- Karlakórinn Fóstbræður, kór
- Árni Harðarson, kórstjóri
- Guðni Tómasson, kynnir
- Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

Upphafstónleikar – Eva stjórnar Eldfuglinum

Rauð tónleikaröð

7. september 2023 kl. 19:30

- Daníel Bjarnason: I Want To Be Alive: Echo / Narcissus (frumflutningur á Íslandi)
- Anders Hillborg: Sellókonsert (frumflutningur á Íslandi)
- Sofia Gubaidulina: Fairytale Poem (frumflutningur á Íslandi)
- Ígor Stravinskíj: Eldfuglinn, svíta (1919)
- Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
- Amalie Stalheim, einleikari

Barnastund að hausti

9. september 2023 kl. 11:30

- Hartmann/Egner: Forleikur úr Dýrunum í Hálsaskógi
- Jón Ásgeirsson: Krummi krunkar úti
- Páll Ísólfsson: Heyrðu snöggvast Snati minn
- Jón Leifs: Íslensk rímnadanslög: Dýravísur
- Comden/Green: Í rigningu ég syng
- Ludwig van Beethoven: Menúett nr. 2 í G-Dúr
- Antonio Vivaldí: Veturinn, 2. þáttur
- Sigvaldi Kaldalóns: Á Sprengisandi
- Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir, hljómsveitarstjóri
- Kjartan Darri Kristjánsson, kynnir

Konsertþrenna með Emmanuel Pahud

Gul tónleikaröð

14. september 2023 kl. 19:30

- Claude Debussy: Forleikur að Síðdegi skógarpúkans
- Tōru Takemitsu: I Hear the Water Dreaming
- Camille Saint-Saëns: Odelette
- Cécile Chaminade: Concertino fyrir flautu
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 1
- Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
- Emmanuel Pahud, einleikari

Skólatónleikar: Dýrasinfónían

19. september 2023 kl 9:30

19. september 2023 kl 11:00

20. september 2023 kl 9:30

20. september 2023 kl 11:00

- Dan Brown: Dýrasinfónían
- Ross Jamie Collins, hljómsveitarstjóri
- Þórunn Arna Kristjánsdóttir, kynnir

Ástarsaga úr fjöllum

Litli tónsprotinn

23. september 2023 kl. 14:00

- Edvard Grieg: Holbergsvítan, 1. kafli
- Edvard Grieg: Tröllamarsinn úr Lýrisku svítunni
- Guðni Franzson: Ástarsaga úr fjöllum (uppfærð úts.)
- Ross Jamie Collins, hljómsveitarstjóri
- Jóhann Sigurðarson, söngvari og sögumaður
- Guðrún Helgadóttir, saga
- Pétur Eggerz, söngtextar Brian Pilkington, myndir

Ungsveitin

24. september 2023 kl. 17:00

- Hector Berlioz: Draumórasinfónían Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri Ross Jamie Collins, aðstoðarhljómsveitarstjóri

Jóhann Jóhannsson og Philip Glass

28. september 2023 kl. 19:30

- Jóhann Jóhannsson: Virðulegu forsetar (upphafsstef, ný úts. Daníel Bjarnason)
- Philip Glass: Sinfónía nr. 1, „Low“
- Jóhann Jóhannsson: Odi et Amo (úts. Daníel Bjarnason)
- Jóhann Jóhannsson: A Prayer to the Dynamo
- Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
- Jóna G. Kolbrúnardóttir, einsöngvari

Anna og Elgar

Rauð tónleikaröð

5. október 2023 kl. 19:30

- Richard Wagner: Forleikur að fyrsta þætti Parsifal
- Edward Elgar: Sellókoncert í e-moll
- Anna Þorvaldsdóttir: AÍÖN
- Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
- Kian Soltani, einleikari

ARCHORA í Hallgrímskirkju

Föstudagsröð

6. október 2023 kl. 18:00

- Anna Þorvaldsdóttir: METACOSMOS
- Anna Þorvaldsdóttir: Heyr þú oss himnum á
- Anna Þorvaldsdóttir: Ad Genua
- Anna Þorvaldsdóttir: ARCHORA
- Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
- Bryndís Guðjónsdóttir, einsöngvari
- Kór Hallgrímskirkju
- Steinar Logi Helgason, kórstjóri

Eldbjörg og Tortelier

Gul tónleikaröð

12. október 2023, kl. 19:30

- Gabriel Fauré: Forleikur að Pénélope
- Jean Sibelius: Fiðlukonsert
- Yan Pascal Tortelier: Nostalgie fyrir fiðlu og hljómsveit (*heimsfrumflutningur*)
- Ernest Chausson: Sinfónía í B-dúr
- Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri
- Eldbjörg Hemsing, einleikari

Eric Lu leikur Mozart

Græn tónleikaröð

19. október 2023 kl. 19:30

- Bohuslav Martinů: Tvíkoncert fyrir tvær strengjasveitir, píanó og pákur
- Wolfgang Amadeus Mozart: Píanókoncert nr. 27
- Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 8
- Tomáš Hanus, hljómsveitarstjóri
- Eric Lu, einleikari

Gerstein leikur Rakhmanínov

Rauð tónleikaröð

26. október 2023 kl. 19:30

- Jennifer Higdon: blue cathedral (frumflutningur á Íslandi)
- Sergej Rakhmanínov: Píanókoncert nr. 3
- Sergej Prokofiev: Rómeó og Júlía, svíta tekin saman af Stéphane Denève
- Stéphane Denève, hljómsveitarstjóri
- Kirill Gerstein, einleikari

Airwaves – Ásgeir Trausti og Sinfó

2. nóvember 2023 kl. 19:00

3. nóvember 2023 kl. 19:00

- Ásgeir Trausti: Hold (instrumental intro) (ný úts. Samúel Jón Samúelsson)
- Ásgeir Trausti: Lifandi vatnið (ný úts. Veigar Margeirsson)
- Ásgeir Trausti: Minning (ný úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Ásgeir Trausti: Breathe (ný úts. Fiona Brice)
- Ásgeir Trausti: Af hverju blátt (ný úts. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir)
- Ásgeir Trausti: Limitless (ný úts. Þórður Magnússon)
- Ásgeir Trausti: Heimförin (ný úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Ásgeir Trausti: On the edge (ný úts. Þórður Magnússon)
- Ásgeir Trausti: Þennan dag (án SÍ)
- Ásgeir Trausti: Öldurót (ný úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Ásgeir Trausti: Bernskan (ný úts. Fiona Brice)
- Ásgeir Trausti: Frá mér til ykkar (Dreaming) (ný úts. Fiona Brice)
- Ásgeir Trausti: Milli svefns og vöku (Borderland) (ný úts. Fiona Brice)
- Ásgeir Trausti: Það (ný úts. Veigar Margeirsson)
- Ásgeir Trausti: Dýrð í dauðapögn (ný úts. Þórður Magnússon)
- Ásgeir Trausti: Snowblind (ný úts. Þórður Magnússon)

Aukalag:

- Ásgeir Trausti: Nýfallið regn (ný úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Anthony Weeden, hljómsveitarstjóri
- Ásgeir Trausti Einarsson, einsöngvari og lagahöfundur

Bartók og Beethoven

Gul tónleikaröð

9. nóvember 2023 kl. 19:30

- Veronique Vaka: Inmost (heimsfrumflutningur)
- Béla Bartók: Fiðlukonsert nr. 2
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 3, Hetjuhljómkviðan
- Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
- Leila Josefowicz, einleikari

Fílalag og Sinfó

16. nóvember 2023 kl. 20:00

- Snorri Helgason: Fílalag (ný úts. Þórður Magnússon)
- Johann Strauss yngri: Leðurblakan, forleikur (tónðæmi)
- Sergej Prokofiev: Dance of the Knights úr Rómeó og Júlíu (tónðæmi)
- Wolfgang Amadeus Mozart: Brúðkaup Fígarós, forleikur (tónðæmi)
- Richard Wagner: Valkyrjureiðin (tónðæmi)
- Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 9, 4. kafli (tónðæmi)
- Richard Wagner: Tannhäuser, forleikur (tónðæmi)
- Jean Sibelius: Finlandia
- Sousa: The Black Horse Troop
- Anna Þorvaldsdóttir: Aeriality (tónðæmi)
- Georg Friedrich Händel: Sarabande (úts. Marc Garretto)
- Jórunn Viðar: Eldur
- Atli Heimir Sveinsson: Hjakk (tónðæmi)
- Axel Einarsson: Hjálpum þeim (úts. Þórir Baldursson)
- Ross Jamie Collins, hljómsveitarstjóri
- Bergur Ebba Benediktsson, kynnir
- Snorri Helgason, kynnir

Philip Glass

Föstudagsröð

17. nóvember 2023 kl. 18:00

Philip Glass: Sinfónía nr. 8

- Ross Jamie Collins, hljómsveitarstjóri

Hnotubrjóturinn

23. nóvember 2023 kl. 19:30

24. nóvember 2023 kl. 19:30

25. nóvember 2023 kl. 15:00

- Piotr Tsjaikovskíj: Hnotubrjóturinn
- Alexander Gosachinsky, hljómsveitarstjóri
- Kiyv Grand Ballet

The King's Singers

Græn tónleikaröð

29. nóvember 2023 kl. 19:30

30. nóvember 2023 kl. 19:30

- Leroy Anderson: Jólaforleikur
- Þjóðlag: Here we come a-wassailing (úts. Bob Chilcott)
- Þjóðlag/John Jacob Niles: I wonder as I wander (úts. Bob Chilcott)
- Richard Storrs Wills: It came upon the midnight clear (úts. Bob Chilcott)
- Georg Friedrich Händel: Lagartónlist, svíta nr. 2
- Þjóðlag/úr handriti frá 15. öld : Veni, veni Emmanuel (úts. Phillip Lawson)
- Katherine K. Davis: The little drummer boy (úts. John McCarthy)
- Frá miðöldum/Piae Cantiones 1582: Gaudete! (úts. Brian Kay)
- Þjóðlag: Still, still, still (úts. Alexander L'Estrange/Matthias Bucher)
- Rebecca Cook: Fröhliche Weihnacht überall (úts. Matthias Bucher)
- James Lord Pierpont: Jingle bells (úts. Alexander L'Estrange)
- Meredith Willson: It's beginning to look a lot like Christmas (úts. Alexander L'Estrange)
- J.F. Coots/H. Gillespie: Santa Claus is coming to town (úts. Alexander L'Estrange)
- Franz Xaver Gruber: Stille Nacht, heilige Nacht (úts. John Rutter)
- Johann Sebastian Bach: Slá þú hjartans hörpustrengi, kafli úr kantötu BWV 147 (úts. Leopold Stokowski)
- Johann Sebastian Bach: Vakna, Síons verðir kalla, kafli úr kantötu BWV 140 (úts. Ottorino Respighi)
- Þjóðlag: Ding! Dong! Merrily on high (úts. Bob Chilcott)
- Þjóðlag: The Wexford Carol (úts. Bob Chilcott)
- Þjóðlag/Georges Bizet: Patapan og Farandole (úts. Bob Chilcott)

Aukalög:

- John Rutter: We wish you a merry Christmas
- Tryggvi B. Baldvinsson: Kvöldvers (2') (án SÍ)
- Adam Hickox, hljómsveitarstjóri
- The King's Singers, sönghópur

Jólastund fyrir einstök börn

11. desember 2023 kl. 9:30

11. desember 2023 kl. 11:00

12. desember 2023 kl. 9:30

12. desember 2023 kl. 11:00

- Leroy Anderson: A Christmas Festival
- Franskt jólalag frá 18. öld: Les anges dans nos campagnes
- Leroy Anderson: Sleðiferðin
- Gunnar Þórðarson: Óður til jóla
- Þórir Baldursson: Jólagasyrpa einstakra barna
- Ingibjörg Þorbergs: Hin fyrstu jól (ný úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Gunnar Þórðarson: Jólaforleikur
- Mirian Khukhunaishvili, hljómsveitarstjóri
- Kjartan Darri Kristjánsson, kynnir
- Katie Buckley, einleikari
- Jólatríó SÍ
- Eva Rún Guðmundsdóttir, táknmálstúlkur
- Nemendur úr Listdansskóla Íslands

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Litli tónsprotinn

16. desember 2023 kl 14:00

16. desember 2023 kl 16:00

17. desember 2023 kl 14:00

17. desember 2023 kl 16:00

- Gunnar Þórðarson: Jólaforleikur (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Jón Sigurðsson: Jólin alls staðar (úts. Ingi Garðar Erlendsson)
- Jay Livingston/Ray Evans: Silver Bells (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Ingibjörg Þorbergs: Hin fyrstu jól (ný úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Meredith Willson: It's beginning to look a lot like Christmas (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Joo-Hye Lee: Christmas Fantasy (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Gunnar Þórðarson: Óður til jóla (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Sigvaldi Kaldalóns: Jólakvæði (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Franz Xaver Gruber: Heims um ból (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Ross Jamie Collins, hljómsveitarstjóri
- Halldóra Geirharðsdóttir, Trúðurinn Barbara, kynnir
- Páll Óskar Hjálmtýsson, einsöngvari
- Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, einsöngvari
- Kolbrún Völkudóttir, einsöngvari á táknmáli
- Stúlknakór Reykjavíkur
- Kammerkórinn Aurora
- Dansarar úr Listdansskóla Íslands
- Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanæsbæjar
- Jólatríó úr Ungsveit SÍ
- Píanókvartett úr MÍT
- Táknmálaskórinn Litlu sprotarnir
- Maxímús Músíkús
- Eva Rún Guðmundsdóttir, táknmálstúlkur

Jólalest

18. desember 2023 kl. 12:00, Flóa, Hörpu

19. desember 2023 kl. 10:30, Hrafnistu Laugarási

19. desember 2023 kl. 13:00, Landspítalanum v. Hringbraut

- Leroy Anderson: A Christmas Festival
- Franskt jólalat frá 18. Öld: Les anges dans nos campagnes
- Leroy Anderson: Sleðafaerðin
- Þórir Baldursson: Jólalagasyrpa einstakra barna
- Ingibjörg Þorbergs: Hin fyrstu jól (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Gunnar Þórðarson: Jólaförleikur (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Franz Xaver Gruber: Heims um ból (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Ross Jamie Collins, hljómsveitarstjóri
- Hjördís Ástráðsdóttir, kynnrir
- Katie Buckley, einleikari
- Jólatrió SÍ

Vínartónleikar

Græn tónleikaröð

Opin æfing fyrir eldri borgara 4. janúar 2024 kl. 12:00

4. janúar 2024 kl. 19:30

5. janúar 2024 kl. 19:30

6. janúar 2024 kl. 16:00

6. janúar 2024 kl. 19:30

- Johann Strauss yngri: Leðurblakan, forleikur
- Emmerich Kálmán: Komm Zigan, aría úr Gräfin Mariza
- Franz Lehár: Meine Lippen sie küssen so heiss úr Giuditta
- Augusta Holmès: La Nuit et l'Amour úr Ludus pro Patria
- Emmerich Kálmán: Heller Jubel úr Die Czárdásfürstin
- Johann Strauss yngri: Im Krapfenwaldl
- Johann Strauss yngri: Frühlingsstimmen
